

Árshlutauppgjör 1H 2026

Tap eftir skatta nam 384 m.kr.

Eignir félagsins námu 50.841 m.kr.

Eigið fé nam 39.430 m.kr.

Eigið fé á hlut nemur 21 kr.

Afkoma af skráðum eignum var neikvæð um 400 m.kr.

Afkoma af óskráðum eignum var jákvæð um 648 m.kr.

Afkomukynning fyrri hluta ársins 2026: 14. ágúst í Studios salnum á Reykjavík Edition við Austurbakka 2, 101 Reykjavík kl. 8:30.

Helstu fréttir af eignasafni SKEL 1H 2026

Skráðar eignir

Gangvirðisbreyting af skráðum hlutabréfum í eigu félagsins var neikvæð um samtals 623 m.kr. á fyrri árshelmingi. Þar af nam lækkun vegna Skaga 298 m.kr., lækkun vegna Kaldalóns 240 m.kr. og lækkun annarra skráðra eigna 85 m.kr. Á móti tapinu koma arðgreiðslur að fjárhæð 63 m.kr. frá Skaga og 161 m.kr. frá Kaldalóni. Neikvæð gangvirðisbreyting endurspeglar markaðsverð eignanna í lok júní, en rekstur stærstu skráðu eignanna var þó að ýmsu leyti jákvæður á tímabilinu.

Kaldalón

Kaldalón lauk kaupum á fasteignasafni FÍ á fyrri árshelmingi. Kaupverð eignanna nam 12.280 m.kr. og voru þær afhentar 1. júní. Fasteignasafn Kaldalóns telur nú um 171 þúsund fermetra og er félagið komið nálægt markmiði sínu um 100 ma.kr. fasteignasafn. Kaldalón gaf út markaðsskuldabréf fyrir samtals 14.600 m.kr. á fyrri árshelmingi og hefur þannig aukið vægi markaðsfjármögnunar sem hlutfall af heildarskuldum félagsins.

Kaldalón greiddi 1.000 m.kr. í arð í apríl. Félagið hefur jafnframt keypt eigin bréf fyrir samtals 1.319 m.kr. frá árinu 2024. Eignarhlutur SKEL í Kaldalóni var 13,34% í lok júní og nam markaðsvirði hans 4.414 m.kr.

Skagi

Tryggingarekstur Skaga var sterkur á fyrri árshelmingi. Samsett hlutfall tryggingastarfseminnar var 90,4% og tekjur af tryggingastarfsemi jukust um 7,1%, eða um 2,8 prósentustigum meira en markaðurinn. Afkoma fjármálastarfsemi og fjárfestinga var hins vegar undir markmiðum og lækkuðu hreinar tekjur af fjármálastarfsemi um 9% frá fyrra ári.

Eignarhlutur SKEL í Skaga var um 8,1% í lok júní og nam markaðsvirði hans 2.825 m.kr. SKEL telur áfram að tækifæri geti falist í frekari samþættingu og stærri einingum á íslenskum fjármálamarkaði.

Óskráðar eignir

Óskráðar eignir SKEL samanstanda að stærstum hluta af tveimur fyrirtækjum, Styrkási og Dröngum, sem starfa á ólíkum mörkuðum og vinna hvort um sig að uppbyggingu á öflugum samstæðum fyrirtækja í skyldum rekstri. Styrkás er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við atvinnulífið en Drangar eru móðurfélag framsækinnna fyrirtækja á neytendamarkaði.

Styrkás

Rekstur Styrkáss var góður á fyrri árshelmingi og þróaðist í samræmi við áætlanir. Rekstrarhagnaður eftir afskriftir og án tillits til einskiptiskostnaðar (EBIT) nam 1,6 ma.kr. og er í samræmi við áætlun. Góður gangur var í öllum rekstrareiningum samstæðunnar og þjónustutekjur jukust um 10% á milli ára og leigutekjur um 13%. Sölutekjur voru undir áætlun á fyrri árshelmingi sem skýrist af því að afhending seldra tækja sem áætluð var á fyrri árshelmingi færist yfir á seinni árshelming.

Millj.kr.	Raun 1H	Áætlun 1H
Framlegð	7.913	7.861
EBITDA	2.396	2.435
EBIT	1.649	1.679
EBITDAaL	2.009	2.045

Þróun helstu rekstrareininga var almennt jákvæð. Sterk áhættustýring skilaði góðri afkomu í orku- og efnavöru þrátt fyrir mikið flókt í olíuverði, pantanabók Kletts nær þegar yfir alla áætlaða tækjasölu ársins og sala Stólpa heldur áfram að vera sterk, einkum til hins opinbera. Á tímabilinu var jafnframt opnuð sameiginleg starfsstöð samstæðunnar að Goðanesi á Akureyri og félagið Styrkás fasteignir stofnað utan um fasteignir og lóðir samstæðunnar.

Hreinsitækni og HRT þjónusta komu inn í samstæðu Styrkáss 1. janúar 2026 og Gallon 1. júní. Samkeppniseftirlitið heimilaði kaup Styrkáss á Gallon og var hluti kaupverðsins greiddur með hlutabréfum í Styrkási. Kaupin falla vel að vaxtarstefnu félagsins um arðbæran innri vöxt, markvissar yfirtökur og áframhaldandi eflingu kjarnastarfsemi samstæðunnar.

Styrkás lauk endurfjármögnun allra bankalána samstæðunnar á tímabilinu, samtals 6 ma.kr. Endurfjármögnunin einfaldar fjárstýringu, hefur skilað bættum lánskjörum og eykur fjárhagslegt svigrúm félagsins til áframhaldandi vaxtar. Afkomuhorfur fyrir árið 2026 eru óbreyttar og er gert ráð fyrir EBIT á bilinu 3.350–3.650 m.kr., án tillits til framlags Gallon.

Undirbúningur fyrir skráningu Styrkáss á aðalmarkað Nasdaq Iceland er á áætlun, en stefnt er að skráningu á öðrum ársfjórðungi 2027. Landsbankinn hefur verið ráðinn umsjónaraðili skráningar og útboðs hlutabréfa. Acro verðbréf, Fossar fjárfestingarbanki og Kvika banki munu annast söluráðgjöf. Styrkás hefur frá upphafi verið rekið með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til kauphallarskráðra félaga og hafa innviðir félagsins verið styrktir eftir því sem starfsemin hefur vaxið. Birna María Sigurðardóttir tók nýverið við starfi fjármálastjóra Styrkáss eftir 18 ára starfsferil hjá Deloitte.

SKEL seldi á fyrri árshelmingi 3,4% hlut í Styrkási til fagfjárfesta fyrir 1.071 m.kr. á genginu 25,5 kr. á hlut. Salan er liður í því markmiði SKEL að breikka hluthafahóp Styrkáss og draga úr eignarhlut sínum í aðdraganda skráningar. Í lok júní átti SKEL 32,1% hlut í félaginu og nam bókfært virði eignarhlutarins 10.034 m.kr.

Drangar

Rekstur Dranga á fyrri helmingi ársins einkenndist af áframhaldandi vexti í sölu samhliða umfangsmiklum umbreytingum í rekstri samstæðunnar. Tekjur námu 35.286 m.kr., framlegð og aðrar tekjur 10.425 m.kr., EBITDA 2.432 m.kr. og EBITDAaL 970 m.kr. Afkoma tímabilsins var undir áætlun, einkum vegna matvöruhlutans og þess að fjárfestingum í verslunum, upplýsingatækni og öðrum rekstrarumbótum hefur verið flýtt. Sala hefur verið í takt við áætlanir í öllum einingum en áskoranir hafa verið í framlegð og rekstrarkostnaði sem að hluta skýrist af meiri fjárfestingum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Endurnýjun upplýsingatækniherfa er vel á veg komin og hafa viðbrögð viðskiptavina við endurbættum verslunum og nýjum vörumerkjum verið góð. Umbreytingarverkefnið er að þróast í samræmi við væntingar, en talið um hálfu ári á eftir áætlun.

Millj.kr.	Raun 1H	Áætlun 1H
Framlegð og aðrar tekjur	10.425	11.101
EBITDA	2.432	3.638
EBIT	524	1.738
EBITDAaL	970	2.090

Rekstur sýnir skýr merki um talsverðar framfarir. Sala í þeim Nettó-verslunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem endurbótum er lokið jókst um 16% og afgreiðslum fjölgaði um 26%. Fjórar SPAR-verslanir hafa verið opnaðar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sala hefur aukist um 12% frá fyrra ári, afgreiðslum fjölgað um 31% og selt magn jókst um 44%. Áfram er unnið að skýrari aðgreiningu vörumerkja samstæðunnar og bættri upplifun viðskiptavina.

Drangar luku endurfjármögnun samstæðunnar á fyrri árshelmingi. Endurfjármögnunin lækkar vaxtakostnað og styrkir lausafjárstöðu félagsins þrátt fyrir hækkandi markaðsvesti. Afkoma ársins 2026 verður þó undir áður birtum áætlunum, en horfur fyrir árið 2027 eru óbreyttar og gera stjórnendur áfram ráð fyrir að viðsnúningur matvöruhlutans gangi að fullu eftir. Markmið um skráningu Dranga í Kauphöll fyrir árslok 2027 er jafnframt óbreytt og hefur stjórn félagsins samþykkt að hefja undirbúning skráningar félagsins.

Drangar gengu frá kaupum á 25 fasteignum af KSK eignum sem samtals eru rúmlega 22 þúsund fermetrar. Kaupverðið nam 7.300 m.kr. og var hluti þess greiddur með útgáfu nýrra hluta á genginu 12,2 kr. á hlut. Eignirnar voru afhentar 1. júlí. Fasteignirnar eru að stærstum hluta nýttar undir verslunarrekstur samstæðunnar og auka kaupin fyrirsjáanleika í húsnæðiskostnaði, styðja við áframhaldandi endurbætur verslana og tryggja Dröngum hlutdeild í þeirri verðmætaaukningu sem fjárfestingarnar skapa. Eftir viðskiptin eiga Drangar um 60 fasteignir og lóðir um land allt.

Eignarhlutur SKEL í Dröngum var 60,8% þann 30. júní. Eftir útgáfu nýrra hluta vegna fasteignaviðskiptanna lækkar eignarhluturinn í 57,4%. Bókfært virði eignarhlutar SKEL í Dröngum, miðað við viðskiptaverðið 12,2 kr. á hlut, nam 17.299 m.kr.

INNO

Markaðsaðstæður í Belgíu eru áfram krefjandi og hefur óvissa í efnahagsumhverfinu áhrif á eftirspurn neytenda. Sala INNO það sem af er rekstrarárinu hefur verið undir væntingum stjórnenda. Spá félagsins fyrir rekstrarárið 2025/2026 gerir nú ráð fyrir að EBITDAaL verði á bilinu 7–9 m.EUR.

Megináhersla stjórnenda er áfram á aukna rekstrarhagkvæmni, bætt vöruframboð og innleiðingu verkefna sem ætlað er að styrkja afkomu félagsins til lengri tíma. Samhliða er unnið að því að nýta og innleysa verðmæti í fasteignum og leigueignum INNO. Þær aðgerðir eiga að styrkja rekstrargrunn félagsins og skapa aukið fjárhagslegt svigrúm.

Fasteignir

SKEL seldi 50 íbúðir við Stefnisvog á fyrri árshelmingi 2026 fyrir samtals 4,3 ma.kr. Þar af var sölu 49 íbúða lokið á fyrsta ársfjórðungi og ein íbúð seld til viðbótar á öðrum ársfjórðungi. Söluandvirðið var meðal annars nýtt til að greiða niður skuldir og einfalda efnahag félagsins.

Í lok júní átti SKEL 38 íbúðir við Stefnisvog, samtals 4.746 fermetra. Bókfært virði eignanna nam 4.226 m.kr., eða um 890 þúsund krónum á fermetra, og námu skuldir vegna þeirra um 3.402 m.kr. Áfram verður unnið að sölu og útleigu íbúðanna í samræmi við eftirspurn og verða skuldir greiddar niður samhliða sölu.

Hluthafar

Á aðalfundi SKEL þann 5. mars 2026 samþykktu hluthafar arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2025 sem nam 1,17 kr. á hlut. Arður að fjárhæð 2.198 m.kr. var greiddur 8. maí 2026.

Þann 28. apríl 2026 var endurkaupaáætlun hrint í framkvæmd í samræmi við samþykkt aðalfundar. Samkvæmt henni er áætlað að kaupa að hámarki 21.472.392 eigin hluti í félaginu eða það sem samsvarar 1,14% af útgefnu hlutafé, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 350 milljónum króna að kaupverði.

Endurkaup samkvæmt endurkaupaáætlun stjórnar hófust 29. apríl 2026. Við lok tímabilsins hafði SKEL keypt samtals 3.622.511 eigin hluti í félaginu, eða því sem nemur 0,19% af heildarhlutafé félagsins, og nam kaupverðið kr. 59.057.193. Að meðtöldum endurkaupum eigin bréfa hafa greiðslur SKEL til hluthafa numið samtals 2.257 m.kr. á fyrri árshelmingi 2026.

Í upphafi árs 2026 voru hluthafar 979 og í lok fyrri árshelmingis 991 talsins.

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, forstjóri SKEL:

„Þróun lykileigna SKEL á fyrri árshelmingi hefur verið góð. Heildarárvöxtun verðbréfa var viðunandi sérstaklega í ljósi þróunar á eignamörkuðum. Afkoma óskráðra rekstrafélaga er eðlileg í ljósi þeirra hröðu umbreytinga sem þau ganga nú í gegnum. Vöxtur þeirra félaga og þroski er á áætlun.

Styrkás heldur áfram að fylgja þeirri stefnu sem félaginu var sett og undirbúningur skráningar er nú hafinn að fullu. Það verður ánægjulegt að sjá félagið fara á markað á fyrri árshelmingi næsta árs. Drangar eru á góðri leið og mikil framfaramerki sjást á rekstri félagsins. Það er einkum ánægjulegt að sjá hversu góðar viðtökur viðskiptavina félagsins eru við þeim breytingum sem búið er að gera og endurspeglast það í verulegri söluaukningu þeirra verslana sem hafa verið betrubættar.

Staðan í alþjóðamálum hefur áhrif á rekstur þeirra félaga sem SKEL fjárfestir í. Miklar sveiflur í olíuverði eru engum til hagsbóta, þótt vel hafi tekist að stýra áhættu. Viðvarandi verðbólga og háir vextir hafa verið sérkenni í umhverfi fyrirtækja hér á landi undanfarin misseri. Þessi staðreynd dregur til lengri tíma úr fjárfestingu og nýsköpun. Hátt vaxtastig og óvissa skapa þrýsting á verðmat eigna en um leið tækifæri fyrir fjárfesta sem hafa þolinmæði og fjárhagslegt svigrúm. SKEL hefur hvort tveggja. Við höldum því áfram að byggja upp verðmæti af aga, einfalda efnahaginn og skila fjármunum til hluthafa samhliða því að undirbúa næstu skref í eignasafninu."

Fjárhagsdagatal:

Afkomukynning vegna fyrri hluti ársins 2026: 14. ágúst í Studios salnum á Reykjavík Edition við Austurbakka 2, 101 Reykjavík kl. 8:30.

Uppgjör seinni hluta árs 2026 og ársuppgjör 2026: 11. febrúar 2027

Aðalfundur 2027: 11. mars 2027

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reykfrjörð Gylfason, fjarfestar@skel.is

Fyrirvari:

Í framangreindri fréttatilkynningu er vísað til áætlana og framtíðarhorfa sem eru háðar óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði frábrugðinn því sem áætlað er í þessari fréttatilkynningu. SKEL hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspeglar atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Upplýsingastefna SKEL er aðgengileg á vefsíðu félagsins www.skel.is undir „stefnur og reglur“.